

Alþingi, allsherjar- og menntamálanefnd  
Umsagnargátt Alþingis

Ísafirði 8. október 2025

### **Umsögn um frumvarp um sýslumann, mál nr 111, 157. löggjafarþing**

Umsögn þessi er unnin af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga samkvæmt samningi um umsjón með verkefnum sambandsins.

Samkvæmt framsögu dómsmálaráðherra og greinargerð frumvarpsins þá kemur fram að frumvarpið er endurflutt og sé efnislega óbreytt frá frumvarpi um sýslumann, mál 186, lagt fram á síðasta löggjafarþingi (156) en fékk ekki afgreiðslu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vísar til umsagnar sem send var allsherjar- og menntamálanefnd við frumvarpið á 156. löggjafarþing <https://www.althingi.is/alttext/erindi/156/156-651.pdf>

Fjórðungssambandið ítrekar efni umsagnar sambandsins, að leitað sé samráðs við landshlutasamtök sveitarfélaga við setningu reglugerðar. Í annan stað að vísa til ræðu dómsmálaráðherra þann 7. apríl s.l. í umræðu um Fjármálaáætlun 2026-2030, að hagræði af sameiningu 9 sýslumannsembætta sé metin 150 til 200 mkr árlega og verði varið til að efla embættið, með að leiðarjosi að verja til að fjölga störfum á landsbyggðinni og hámarka nýtingu fjármuna til sýslumanns. Með þessu yrði stutt við markmið frumvarpsins að efla opinber störf utan höfuðborgarsvæðis í samræmi við markmið byggðaáætlunar.

Fjórðungssambandið lýsir sig reiðubúið að funda með allsherjar- og menntamálanefnd um efni máls.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga  
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar